

AUGLÝSING

um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættis og vegna prófestsstarfa nr. 819/1999.

„STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum um rekstrarkostnað prestsembættis
og vegna prófestsstarfa nr. 819/1999.

1. gr.

Í stað orðanna „250 þúsund“ í 8. gr. komi: 350 þúsund.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 1. gr. laga um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk þeirra nr. 31/1993 og 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2004.

Gjört í Reykjavík, 17. mars 2004.

Hulda Guðmundsdóttir,
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir
þingskrifari.“

Starfsreglur þessar eru hér með kunngerðar almenningi.

Reykjavík, 17. mars 2004.

F.h. kirkjuráðs,

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands.

REGLUR

um fjárhagsaðstoð í Reykjanesbæ.

I. KAFLI

Markmið með fjárhagsaðstoð.

1. gr.

Fjárhagsaðstoð bæjarfélagsins skal miða að því að einstaklingar geti séð fyrir sér og sínum og til að aðstoða þá við að ná fjárhagslegu sjálfstæði, sbr. 12. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Fjárhagsaðstoðin skal taka mið af framfærslukvarða sem samþykktur er af fjölskyldu- og félagsmálaráði og bæjarstjórn og gildir á hverjum tíma.

2. gr.

Fjárhagsaðstoð skal veita í eftirtöldum tilvikum eftir því sem nánar er kveðið á um í reglum þessum: